

að einkavæða ekki olíulindir í Texas og Oklahoma á fjórða áratug síðustu aldar fyrr en of seint. Fyrir vikið hafi mikil verðmæti farið til spillis.

Rannsóknir Ostrom gefa vísbendingar um hvernig hagkvæmt sé að stjórna nýtingu auðlinda landsins og eiga því erindi við Íslendinga þegar kemur að útteilingu almenningsgæða.

Nóbelsverðlaun 2010

Bókmenntir – Herta Müller

Efnafræði – Ada Yonath (ásamt tveimur körlum)

Hagfræði – Elinor Ostrom (ásamt karli)

Læknisfræði – Elizabeth Blackburn, Carol Greider (ásam karli)

Friðarverðlaunum Nóbels viljum við helst gleyma úr því sem komið er. Athugandi hvort Menningar- og friðarsamtökin MFÍK eiga ekki að hafna þeim fyrirfram.

Félagsgjöld MFÍK

Kæru félagar. Nú er komið að félagsgjöldunum. Þrátt fyrir óðaverðbólgu og óstöðugleika í samfélaginu hafa þau ekki haggast undanfarin ár og eru því óbreytt.

Almenn félagsgjöld:	2. 500 kr.
Eldri borgarar:	1.500 kr.
Námsmenn:	1.500 kr.

Í hagræðingarskyni verða gíróseðlar ekki sendir út og biðjum við ykkur því að greiða inn á reikning félagsins:
0526 - 26 - 484394, kt. 610174 - 4189.

Vinsamlegast setjið nafn félagsmanns í tilvísun ef borgað er í heimabanka af reikningi annarra en félagsmanna.



Fréttabréf MFÍK

Mars 2010

Framundan hjá MFÍK

(merkið í dagbókina)

8. mars

Alþjóðlegur baráttudagur kvenna fyrir friði og jafnrétti
Dagskrá í Ráðhúsinu hefst kl. 17.00

4. maí

Opinn félagsfundur í Friðarhúsi kl. 19.00
Matur á friðsamlegu verði –
dagskrá auglýst síðar



Hvernig er hljóðið í Íslendingum rúmu ári frá hruni banka?

Grein send í sænska blaðið *Vi Manskor*, blað *Svenska Kvinnors Vänsterförbund*.

Það er sjálfsagt einfaldast að segja að tilfinningar séu blendnar. Við sem eygðum von um betra og réttlátara samfélag í byltingunni sem kennd var við búsáhöld erum vonsvikin. Endurreisn kapítalismans er ekki rétta lausnin og tryggir ekkert nema áframhaldandi misskiptingu.

Nýfrjálshyggjan á Íslandi var glæpsamleg en margir gleyma (eða þykjast gleyma) að hún átti rætur í pólitík. Sumir Íslendingar trúa því jafnvel að hópur óheiðarlegra braskara hafi gert þjóðina gjaldþrota. En frjálshyggjan á Íslandi hefði aldrei komist svo langt nema studd af löglegum stjórnvöldum sem kosin voru af meirihluta þjóðarinnar. Skattbreytingar sömu stjórnvalda og takmarkað fjármálaeftirlit gerði Ísland að skattaparadís fyrir fjármagnseigendur. Þar til allt hrundi og krónan féll um helming.

Almenningur fór út á götu og barði eldhúsáhöld þar til stjórnin varð að segja af sér. Vinstri stjórn var kosin og fékk það hlutverk að byggja upp nýtt Ísland. Krafan var réttlátt samfélag og aukinn jöfnuð.

Verkefni nýrrar stjórnar var ekki auðvelt. Leitað var til FMI sem setti skilmála sem haldið hefur verið leyndum fyrir þjóðinni. Mikill niðurskurður hefur komið hart niður bæði í

Nóbel til kvenna

Fyrir skömmu hlaut Elinor Ostrom (76 ára) Nóbelsverðlaun í hagfræði, fyrst kvenna. Hún er stjórn málafræðingur og starfar sem prófessor við Indiana háskóla. Ostrom hefur rannsakað hvernig farið er með gæði sem teljast almenningseign, s.s. auðlindir sjávar, fiskar í ám og vötnum og beitolönd.

Tvær hagfræðikenningar eru hefðbundnar þegar deila skal almenningsgæðum. Annars vegar einkavæðing og hins vegar ríkisstýring en hvort tveggja á að hindra ofnýtingu. Ostrom byggir rannsóknir sínar á samantekt fjölda athugana á nýtingu almenningsgæða og niðurstöður hennar eru að hefðbundnar kenningar séu of einfaldar. Ekki sé gert nægilega ráð fyrir því að notendur geti sjálfir komið á og fylgt eftir reglum til að koma í veg fyrir ofnýtingu. Samkvæmt Ostrom er stjórn almenningsgæða, sem byggir á reglum og aðferðum, sem nærsamfélagið kemur sér saman um heillavænlegust. Lykilatriði samkvæmt Ostrom, þegar kemur að stjórn almenningsgæða, er virk þátttaka notenda í að setja og framfylgja reglum. Utanaðkomandi reglur virka ekki jafnvel og eru meiri líkur á að reynt verði að komast hjá þeim.

Með vísun í rannsóknir á nýtingu beitarlands í Mongólíu sýnir Ostrom fram á að hvort tveggja miðstýring og einkavæðing beitarlands varð til þess að rýra gæði þess umfram það sem gerðist með beitarland sem var í sameiginlegri eigu.

Hins vegar telur hún ekki alltaf rétt að stjórn almenningsgæða skuli vera sameiginleg. Sem dæmi um það hafi verið mistök



Fréttir af starfinu

Þann 9. febrúar var aðalfundur MFÍK haldinn í Friðarhúsi. Þó nokkrar breytingar urðu á stjórn félagsins. María S. Gunnarsdóttir, sem gengt hefur formennsku félagsins síðastliðinn 10 ár, gaf ekki kost á sér áfram í formanns-embættinu. Bergþóra Gísladóttir, Helga Pálsdóttir og Magnea B. Valdimarsdóttir hætta einnig í stjórn og þakkar MFÍK þeim öllum fyrir vel unnin störf í þágu friðar og félagsins.

Núverandi stjórn:

Guðríður Sigurbjörnsdóttir - formaður
Guðrún Hannesdóttir - varaformaður
Dögg Árnadóttir - ritari
Sigurlaug Gunnlaugsdóttir - erlendur bréfitari
Anna S. Hróðmarsdóttir - gjaldkeri
María S. Gunnarsdóttir – fjölmiðlafulltrúi
Auður Ingvarsdóttir - meðstjórnandi
Margrét Guðmundsdóttir – meðstjórnandi

Varamaður:

Íris Ellenberger

Að aðalfundi loknum flutti Auður Ingvarsdóttir fyrirlesturinn *Margkunnugar konur og óborin börn*.

Skýrslu formanns má lesa á heimasíðu MFÍK, www.mfik.is. Þar er einnig að finna nýjar greinar og ályktanir félagsins, s.s. grein Guðrúnar Hannesdóttur *Vont er þeirra ranglæti* og ályktun Norrænu samtakanna gegn úraníum sem send var stjórnvöldum í byrjun febrúar.

heilbrigðis- og menntamálum. Atvinnuleysi sem var óþekkt er komið í 20% og skuldir heimilanna vaxa með ógnarhraða. Kjósendur vinstri stjórnar bjuggust við fórnnum en sætta sig ekki við að þeir sem bera ábyrgð á hruninu skuli áfram halda sínu.

Bankarnir voru ríkisvæddir en halda áfram að borga stjórnendum ofurlaun. Tveir bankar voru einkavæddir á ný, afhentir einhverjum nafnlausum. Stórfyrirtæki eru enn í höndum sömu aðila og áður. En stærstu þjófarnir eru í sjálfskipaðri útleð í London og halda áfram að lifa lúksuslífi. Á Íslandi er svo mikið peningatal að allt annað virðist aukaatriði. Eitthvað jákvætt samt: Alþingismenn fara fram á rannsókn á því hvernig Ísland varð á meðal hinna 18 viljugu landa til að styðja árásina á Írak.

Og félagar í MFÍK halda eftir sem áður áfram að krefjast þess að fest verði í stjórnarskrá Íslands að Ísland sé herlaust land, að Ísland gangi úr Nató og að Ísland og fiskimið í kringum landið verði lýst kjarnorkuvopnalaust svæði.

Við gefumst aldrei upp.

Baráttan fyrir friði og betri heimi heldur áfram!

María S. Gunnarsdóttir.
Þýðing á sænsku: Guðrún Hannesdóttir
og Margrét Guðmundsdóttir.



Alþjóðlegur baráttudagur kvenna fyrir friði og jafnrétti

Dagskrá í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur
mánudaginn 8. mars 2010 kl.17

Við getum betur!

Fundarstjóri: Kolbrún Halldórsdóttir

Ávörp:

María S. Gunnarsdóttir

Framlag okkar til friðvænlegri heims

Pórdís Elva Þorvaldsdóttir Bachmann

Kynbundið ofbeldi.

Helga Sif Friðjónsdóttir

Heilsugæsla fyrir jaðarhópa

Barbara Kristinsson

Við getum betur

Andrés Ingi Jónsson

Framtíð ófæddra barna

Guðrún Hallgrímsdóttir

Hælsleitendur

Póra Kristín Ásgeirsdóttir

Fjölmíðlar

Kvennakór Háskóla Íslands syngur undir stjórn Margrétar Bóasdóttur

Menningar- og friðarsamtökin MFIK, BHM-Bandalag háskólamanna, BSRB-Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, Félagsráðgjafafélag Íslands, Íslandsdeild Amnesty International, Kennarasamband Íslands, Kvenfélagasamband Íslands, Kvinnahreyfing Öryrkjabandalags Íslands, Kvenréttindafélag Íslands, Mannréttindaskrifstofa Íslands, Samtök kvenna af erlendum uppruna, Samtök um Kvennaathvarf, SHA - Samtök hernaðarandstæðinga, Sjúkraliðafélag Íslands, ST.Rv. – Starfsmannafélag Reykjavíkur, Þroskafjárfélag Íslands.